

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Mýrdalshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Mýrdalshrepps samþykkt eftirfarandi breytingu á deiliskipulagi Dyrhólaeyjar sem tók gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda þann 10. nóvember 2005:

Breyting á deiliskipulagi – Dyrhólaey.

Í skipulaginu felst að heimiluð verður bygging salernis- og þjónustuhúss á lágey Dyrhólaeyjar auk þess sem skilgreind er ný staðsetning bílastæða. Afmörkuð er 1.000 m² lóð þar sem heimilt er að byggja allt að 100 m² byggingu á einni hæð.

Vík, 13. nóvember 2014.

F.h. sveitarstjórnar Mýrdalshrepps,

Vigfús Þór Hróbjartsson, fulltrúi skipulags- og byggingarmála.

B-deild – Útgáfud.: 27. nóvember 2014